Nr. 22.
14.
desbr.

# Lög

um

húsaskatt.

---

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt**: Alþingi hefir fallizt á lög þessi, og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Af öllum húseignum í kaupstöðum og verzlunarstöðum landsins, sem eru fullra 500 kr. virði, skal greiða skatt til landssjóðs, $1^1/_2$ krónu af hverjum 1000 krónum virðingarverðs þeirra. Sama skatt skal og greiða af öðrum húsum, sem eru fullra 500 króna virði, þótt eigi standi þau í kaupstað eða verzlunarstað, ef þau eru eigi notuð við ábúð á jörð þeirri, er metin sje til dýrleika. Hvíli þinglýstar veðskuldir á húsi, skulu þær dregnar frá virðingarverði þess, og skatturinn lagður á það, sem eptir er.

Upphæð sú, sem skatturinn er greiddur af, skal ávallt deilanleg með 500; það, sem þar er fram yfir, skal eigi koma til greina skattinum til hækkunar.

2. grein.

Undanþegnar þessu gjaldi eru kirkjur allar, skólar, sjúkrahús, og öll önnur hús, sem eru þjóðeign eða til opinberra þarfa. Ef ágreiningur verður um það, hvort slíkt hús er undanþegið skattinum eða ekki, sker landshöfðingi úr.

3. grein.

Á húseignir í Reykjavík, sem virtar eru samkvæmt tilsk. 14. dag febrúarmán. 1874, 4. og 5. gr., skal leggja skattinn eptir þeirri virðingu. Allar aðrar húseignir, er skatturinn nær til, skal meta eptir tilhlutun yfirvaldsins og samkvæmt reglugjörð, sem landshöfðinginn semur um það efni.

4. grein.

Fyrir virðingar þessar bera hverjum virðingarmanni 3 krónur hvern þann dag, sem þeir eru að virðingunni, og greiðist það fje úr landssjóði, eins og hver annar kostnaður, sem virðingargjörðir þessar hafa í för með sjer.

5. grein.

Fyrir húsaskatti þessum má gjöra fjárnám hjá greiðanda samkvæmt opnu brjefi 2. dag aprílmánaðar 1841, og hefir hann í tvö ár frá gjalddaga forgöngurjett þann, sem skattgjöld til landssjóðsins hafa að lögum.

# Lov

om

## Bygningsafgift.

Nr. 22.
14de
Decbr.

---

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Af alle Bygninger i Landets Kjøbstæder og Handelssteder, som ere af fulde 500 Kroners Værdi, erlægges 1 ½ pro Mille af Bygningernes Vurderingssum i Afgift til Landskassen. Samme Afgift erlægges ogsaa af andre Bygninger af fulde 500 Kroners Værdi udenfor Kjøbstæderne og Handelsstederne, for saa vidt de ikke høre til en skyldsat Jordeiendom. Thinglæste Pantefordringer, der maatte hæfte paa en Bygning, fradrages Vurderingssummen, inden Afgiften paalignes. Det Beløb, hvoraf Afgiften erlægges, bør altid være deleligt med 500; det Overskydende kommer ikke i Betragtning til Skattens Forhøielse.

§ 2.

Fritagne for denne Afgift ere: alle Kirker, Skolebygninger, Sygehuse, samt alle Bygninger, der tilhøre Landskassen eller tjene til offentlig Brug. Opstaar der Uenighed om, hvorvidt en saadan Bygning er fritagen for titnævnte Afgift, afgjøres den af Landshøvdingen.

§ 3.

For saa vidt Bygningerne i Reykjavik ere vurderede i Overensstemmelse med Forordning af 14de Februar 1874 §§ 4 og 5, paalignes Afgiften samme efter denne Vurdering. Alle andre Bygninger, af hvilke Afgiften vil være at svare, bør af Øvrigheden foranstaltes vurderede overensstemmende med et af Landshøvdingen desangaaende affattet Regulativ.

§ 4.

Udgifterne ved de ommeldte Vurderingsforretninger, hvorved der tillægges Vurderingsmændene hver 3 Kroner daglig, afholdes af Landskassen.

§ 5.

Afgiften kan inddrives ved Udpantning hos Yderen overensstemmende med Plakat af 2den April 1841 og nyder i to Aar fra Forfaldsdagen den samme Fortrinsret, som der ved Loven er tillagt Afgifter til Landskassen.

Nr. 22. 14. desbr. Skattur af húsum skal um tveggja ára bil frá gjalddaga ganga fyrir öllum veðkröfum í hlutaðeigandi húsi.

6. grein.

Gjald þetta skulu sýslumenn og bæjarfógetar heimta á manntalsþingum ár hvert, í fyrsta skipti árið 1879.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amaliuborg, 14. dag desbrm. 1877.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

Afgiften af Bygninger har i to Aar fra Forfaldsdagen Fortrinsret for alle Pante-fordringer i vedkommende Bygning. Nr. 22. 14de Decbr.

§ 6.

Afgiften opkræves af Sysselmænd og Byfogder paa de aarlige Mandtalsthing, første Gang i Aaret 1879.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 14de December 1877.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

**(L. S.)**

*J. Nellemann.*